

Fundargerð 995. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2026, þriðjudaginn 10. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 994. fundar - 2510044SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 994. fundar stjórnar Sambandsins frá 3. mars 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2509140SA

Lögð fram fundargerð 9. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 18. febrúar 2026.

3. Kjaramálanefnd Sambandsins - 2509436SA

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 53. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 25. febrúar 2026.

4. Tillaga Viðreisnar um styttingu sumarfrís grunnskóla borgarinnar - 2601004SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 23. janúar 2026, en þá var málinu vísað til umfjöllunar í menntunar- og velferðarnefnd og kjaramálanefnd Sambandsins sem fjallað hafa um málið á fundum sínum.

Stjórn fór yfir umfjöllun nefnda um málið og bókar eftirfarandi vegna þessa.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að íslenskt grunnskólakerfi byggir á skýru og verkskiptu hlutverki ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Samkvæmt þeim fer ríkið með yfirstjórn málefna grunnskóla, setur landsbundna menntastefnu, aðalnámskrá og reglugerðir og tryggir þannig heildarstefnu í menntamálum.

Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri grunnskóla, sjá um daglegan rekstur, fjármál, mannauðsmál og skipulag skólastarfs ásamt því að móta eigin skólastefnu, sem byggja verður á gildandi lögum og aðalnámskrá.

Af framangreindu má vera ljóst að ákvarðanir um rekstrarleg og fagleg málefni grunnskóla s.s. um skipulag skólastarfs eru á ábyrgð menntayfirvalda þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

5. Skýrsla og tillögur aðgerðarhóps um brúum umönnunarbilsins - 2509038SA

Lögð fram skýrsla og tillögur aðgerðarhóps um brúum umönnunarbilsins, dags. í desember 2025.

Stjórn telur að framlagðar tillögur aðgerðahópsins þarfnist ítarlegrar umræðu milli ríkis og sveitarfélaga áður en lengra er haldið með þær. Sveitarfélögin standa frammi fyrir miklum áskorunum í rekstri leikskóla, sem þau vinna að lausnum á, ekki síst núverandi mönnunarvanda. Leikskólinn er mikilvæg stofnun í þjónustu sveitarfélaga og í umönnun barna og vanda þarf þar til verka. Þá er ljóst að tillögur hópsins fela í sér auknar fjárhagslegar skuldbindingar fyrir sveitarfélögin sem þarf að skoða með tilliti til tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga. Því leggur stjórn þunga áherslu á að áður en lengra er haldið með tillögur þessar þá verði komið á virkum umræðuvettvangi milli ríkis og sveitarfélaga þar sem hagsmunaaðilar komi einnig að eftir því sem umræðunni vindur áfram. Tillögur sem þessar kalla á vandað vinnulag og er því vísað til forsætisráðherra að koma þessum vettvangi á sem fyrst.

Anna Sigríður Guðnadóttir vék af fundi kl. 09:07.

6. Bókun stjórnar SSH um skýrslu aðgerðarhóps um brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla - 2509038SA

Lagt fram bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. febrúar 2026, varðandi bókun stjórnar samtakana um skýrslu aðgerðarhóps um brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Stjórn leggur á það þunga áherslu að komið verði á umræðuvettvangi milli ríkis og sveitarfélaga um málið áður en lengra er haldið og þar muni sveitarfélögin sitja við borðið. Sambandið mun fylgja því eftir á næstu misserum áður en lengra er haldið.

Fundi var slitið kl. 09:10